

Skólaráðsfundur þann 6. okt. kl. 14.30-15.30

Fundarmenn: Alda María nemandi, Helgi A. skólastjóri, Hreindís Elva stuðningsfulltrúi, Hrönn Hjálmardóttir fulltrúi foreldra, Magnea nemandi, Marsibil aðstoðarskólastjóri, Sigurborg kennari, Sveindís Jóhannsdóttir formaður foreldrafélagsins og Úlfhildur kennari.

Helgi setti fundinn og fundarmenn kynntu sig.

Það vantar **fulltrúa grenndarsamfélagsins**. Huga þarf að því.

Skólastjóri afhenti **starfsreglur skólaráðs** Hvaleyrarskóla.

Farið var yfir skipulag funda. Við miðum við að vera fyrsta mánudag í mánuði. Við höfum verið með um það bil **8-9 fundi** á hverju ári.

Það eru um **400 nemendur í 23 bekkjardeildum** í skólanum þetta skólaárið. Helstu breytingar á námskránni eru þær að **listgreinar** eru orðnar að skyldu í elstu deild. Nú fá þau 3 tíma á viku í heimilisfræði, smíði, textíl og myndmennt. Það var rof á þessum greinum sl. tvö ár í sumum þessara faga. Fækkað var um einn tíma í ensku, dönsku og stærðfræði og íslensku til að koma til móts við þessa breytingu.

Rætt var um **skólanámskrána**. Foreldrar koma að þeirri vinnu og það þarf að skoða það betur hvernig því verði háttað. Einnig er unnt að ræða við nemendur um skólareglur.

Verið er að innleiða **Olweusaráætlunina**. Það verða tveir starfsmannafundir á hvorri önn. Eineltisfundir eru alltaf í skólanum á hálfmánaða fresti og í jan. eða febr. gæti verið gott að bjóða fulltrúum foreldra á fund hjá eineltisteyminu.

Mikil áhersla verður lögð á **eflingu læsis** í skólanum í vetur. Fyrirhugað er að móta heildstæða stefnu í læsi og verður settur á stofn stýrihópur til þess að leiða það verkefni.

Við erum einnig að innleiða **upplýsingaverkefnið Turfhunt**. Það eru aðallega 6. bekkingar sem koma að því. Úlfhildur hefur umsjón með því verkefni.

Viðhald annarra verkefna verður einnig hjá okkur s.s. SMT, Markviss málörvun, Heilsueflandi skóli, Byrjendalæsi og PALS.

Önnur mál: Það kom ábending um **framhaldsskólaáfang** hjá foreldrafélaginu. Fólki vill fá að kynna sér þetta betur. Skólastjóri sagði að þetta væri ekki í nógu góðu formi. Bæjarbrúin átti að vera samstarfsverkefni á milli skóla. Þessu er ekki eins háttað í öllum skólum og kostnaður er mismunandi. Sums staðar greiðir skólinn t.d. bókakostnað en við höfum ekki gert það. Nemendur okkar hafa verið að sækja í fjarnám í Versló og Fjölbraut í Ármúla. Athuga að bjóða upp á blöndu af staðnámi og fjarnámi í Flensborg, sem er stundum kallað dreifnám. Fyrir hrun var þetta í betra horfi, því foreldrar borguðu skólagjöld, og skólinn borgaði námsbækurnar. Það þarf að setja upplýsingar um þetta efni inn á heimasíðu skólans og mun Helgi sjá til þess.

Fatamarkaður – flóamarkaður. Það hefur verið einn fundur með Sveindísi, Helga og Marsibil. Ákveðinn var annar fundur þann 9. október. Fulltrúum 10. bekkja á fundinum leist vel á þetta verkefni. Hafa þarf einnig fund með 10. bekkjum.

Tíundu bekkir taka þátt í **samstarfsverkefnum með skólum frá Danmörku.** Við erum nýbúin að hafa nemendaheimsókn frá skóla á Jótlandi til nemenda í 10. MK. Það gekk mjög vel. Báðir bekkir sóttu um í sjóð hjá Nordplus og fékk annar bekkurinn hærri styrk en hinn. Leitað er í aðra sjóði um styrki og er það allt að koma í ljós. Öll fjáröflun mun hjálpa þessum nemendum við að framkvæma þetta samstarfsverkefni.

Rætt um að hafa **peysur til sölu** í skólanum sem foreldrar kaupa og að 10. bekkingar fái ágóðann. Velja þarf liti á þessar flíkur. Virkja þarf nemendafélagið með okkur.

Rætt var um **móttöku nýrra nemanda.** Hvað getum við gert betur? Fá þetta betur fram hjá þessari konu sem ekki var ánægð. Rætt var um að útbúa gátlista um það þegar foreldrar koma. Það verður skoðað nánar. Einnig höfum við séð fallega bæklinga frá öðrum skólum sem hægt er læra af og hér á árum áður voru alltaf afhentir námsvísar í hverjum árgangi.

Að sögn fulltrúa nemenda fannst þeim **Afríku þemað** okkar vera skemmtilegt. Þá voru búnir til skartgripir og fleira skemmtilegt gert. Þær væru til í að endurtaka þetta.

Hafa þarf veglega hátíð í vor þegar **skólinn verður 25 ára** og Sveindís formaður er byrjuð að huga að því.

Samantekt: Marsibil Ólafsdóttir.